

Nd.

182. Breytingartillögur

[99. mál]

við frv. til l. um kirkjusóknir, safnaðarfundir, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðunum „Prófastur er formaður nefndarinnar“ í 3. málsli. komi: Sé prófastur sóknarprestur í kirkjusókn sem skipta á er honum rétt að víkja sæti og skal biskup skipa annan í hans stað.
2. Við 6. gr. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
Sé um bændakirkju að ræða er leggja skal niður og söfnuður hennar sameinast annarri sókn, en bændur eða bóndi á bæði kirkjuhúsið og alla muni kirkjunnar, skal hann þá hafa ráðstöfunarrétt á eign þeirri. Þó skal honum skylt að hafa samráð við prófast um slík mál og getur prófastur, ef ekki næst samkomulag milli hans og kirkjubónda, vísað ágreiningsmálum til biskups sem tekur lokaákvörðun í hverju slíkra mála nema ákvæði annarra laga grípi þar inn í.
3. Fyrri málsgr. 22. gr. orðist svo:
Aðalsafnaðarfundur kýs safnaðarfulltrúa og annan til vara til setu á héraðsfundi. Þá skal kjósa til fjögurra ára í senn. Umboð núverandi safnaðarfulltrúa fellur niður er nýr safnaðarfulltrúi hefur verið kosinn samkvæmt lögum þessum.
4. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Sóknarnefnd ræður organista, meðhjálpara, hringjara og umsjónarmann kirkju (kirkjuvörð) og semur um kaup þeirra, kjör og ráðningartíma.
5. Við 26. gr. Síðasti másl. greinarinnar falli brott.
6. Við 28. gr. Síðasti másl. greinarinnar orðist svo: Ef eigi tekst að leysa málið skal ágrein-
ingnum vísað til biskups til fullnaðarúrlausnar.